



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2023

HJÚK1AG05

Kennari	Sigríður Rós Jónatansdóttir sigridur.jonatansdottir@fss.is		
Viðtalstími	Miðvikudagur 13:20-14:00		
Námsefni	Hjúkrun 1.þrep, lðnú og annað efni frá kennara		
Áfangalýsing	Í áfanganum er fjallað um sögu og hugmyndafræði hjúkrunar. Kynnt eru lög og reglugerðir sem lúta að heilbrigðisþjónustu á Íslandi, siðareglur sjúkraliða og hvað felst í hugtakinu fagmennska. Fjallað er um umhyggjuhugtakið, andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir skjólstæðinga. Fjallað er um þætti sem hafa áhrif á líðan og breytingar á líkamsstarfsemi. Auk þess er fjallað um umönnum sjúklinga og þætti sem hafa áhrif á sjálfsumönnun		

Námsmat og vægi námsmatspátta	Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr lokaprófi til að fá vinnueinkunn metna. Að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum getur nemandi áunnið sér rétt til að láta vinnueinkunn gilda sem lokaeinkunn í áfanganum: Að vetrareinkunn sé 7,5 eða hærri og að nemendur standi skil á öllum verkefnum/prófum sem getið er um í þessari áætlun.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Fjögur Inunpróf		20%
	Tvö Kaflapróf		40%
	Vinnubók		20%
	Tvö einstaklingsverkefni		10%
	Hópaverkefni		10%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Athugið breytingar geta orðið á þessari áætlun með stuttum eða engum fyrirvara.
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - sögu og þróun hjúkrunar og þeirri hugmyndafræði sem hjúkrunarstörf byggjast á - helstu skipulagsformum hjúkrunar - umhyggjuhugtakinu - siðareglum sjúkraliða - réttindum skjólstæðinga skv. lögum - mikilvægi skráninga og athugana í hjúkrun - grunnþörfum mannsins og frávikum frá þeim - mikilvægis svefns og hvíldar - áhrifum verkja á skjólstæðing - fylgikvillum rúmlegunnar - nánasta umhverfi skjólstæðings.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - tengja sögu og hugmyndafræði hjúkrunar við hjúkrunarstörf - geta útskýrt tengsl andlegs, líkamlegs og félagslegs ástands skjólstæðings við hjúkrunarþarfir hans - taka á móti skjólstæðingi á faglegan hátt - gera grein fyrir ábyrgð sjúkraliða í hjúkrun - eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við skjólstæðinga og samstarfsfólk - sýna fagmennsku í orði og verki.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - miðla sögu og hugmyndafræði hjúkrunar - rökstyðja mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar í samskiptum við skjólstæðing - tjá sig um andlegar, líkamlegar- og félagslegar þarfir skjólstæðinga - skrá niðurstöður athugana og mælinga á viðurkenndan hátt - fylgja leiðbeiningum í þeim tilgangi að bæta líðan skjólstæðings - útskýra mikilvægi þess að umgangast nánasta umhverfi skjólstæðings af virðingu - fyrirbyggja fylgikvilla rúmlegunnar - taka þátt í samræðum um líðan skjólstæðings. - sýna faglega umhyggju	

Vinnuáætlun - Dæmi með símati		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Ýmis verkefni	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 18. - 25. ágúst	1. kafli frá heimilum til hátækisjúkrahúsa	
2. vika 28. ágúst - 1. september	2. kafli umönnun og sjálfsömönnun	
3. vika 4. - 8. september	3. kafli þarfir 4. kafli skilningarvitin	
4. vika 11. - 15. september	5. kafli húðin	Innupróf I
5. vika 18. - 22. september	6. kafli hreyfing	
6. vika 25. - 29. september	7. kafli öndun	Einstaklingsverkefni- skil
7. vika 2. - 6. október	8. kafli hjarta- og æðakerfi	
8. vika 9. - 13. október	9. kafli vökví	Innupróf II
9. vika 16. - 20. október <i>Vetrarleyfi</i>	10. kafli melting	Kaflapróf I
10. vika 23. - 27. október <i>Miðannarmat</i>	11. kafli þvaglát	Skil á vinnubók 1/2
11. vika 30. október - 3. nóvember	12. kafli- svefn	
12. vika 6. - 10. nóvember	13. verkir 14. kafli líkamshiti	Innupróf III
13. vika 13. - 17. nóvember	15. kafli líknarmeðferð 16. kafli samskipti	
14. vika 20. - 24. nóvember	17. kafli norm, gildi og siðfræði og 18. kafli samstarf	Skil á hópaverkefni
15. vika 27. nóvember- 1. desember	19. kafli skráning	Innupróf IV Skil á einstaklingsverkefni
16. vika 4. - 7. desember	Yfirferð og stoð	Kaflapróf II Skil á vinnubók 2/2

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sigríður Rós Jónatansdóttir